



Verðbólgan komin undir markmið

VNV hækkaði um 0,11% milli mánaða í desember og mælist verðbólgan nú 2,0% samanborið við 2,7% í nóvember. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,27% milli mánaða og mælist 1,7% verðbólga á þann mælikvarða.

Óhætt er að segja að þessi mæling hafi komið á óvart en opinberar spár lágu á bilinu 0,4% til 0,5% hækkun. Við höfðum spáð 0,4% hækkun. Skýrist munur á spá okkar og mælingu Hagstofu á því að flugfargjöld hækkuðu minna en við áttum von á ásamt því að matarkarfan og reiknuð húsaleiga lækkuðu milli mánaða. Við höfðum spáð því að þessir tveir liðir myndu hækka milli mánaða.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- **Flugfargjöld til útlanda** hækkuðu um 9,6% milli mánaða samanborið við 25,1% í desember 2018 og 24,5% í desember 2017. Flugfargjöld í desember eru 9,2% lægri en í desember 2018. Frá því í apríl, sem var fyrsti mánuðurinn eftir að WOW air fór í þrot, hefur verðið yfirleitt hækkað milli ára. Þessi verðlækkun kom okkur því verulega á óvart.
- **Reiknuð húsaleiga** lækkaði um 0,5% milli mánaða. Þetta kemur í kjölfar þess að vísitala íbúðaverðs [lækkaði um 0,3% milli mánaða](#) í nóvember. Þessi lækkun kom okkur verulega á óvart en við höfðum spáð 0,5% hækkun. Nokkuð sterkar vísbendingar hafa á síðustu mánuðum verið um að húsnæðisverð sé að taka við sér og voru töluvert miklar hækkanir á reiknaðri húsaleigu í október og nóvember. Lækkunin nú er því verulega á skjön við þá þróun en verðbreytingar á þessum lið eru mældar sem munur á þriggja mánaða hlaupandi meðaltali.
- **Matur og drykkjarvara** lækkaði um 0,5% milli mánaða, en við höfðum spáð hækkun.


Gerum ráð fyrir 2,3% verðbólgu í janúar

Eins og staðan er í dag reiknum við með 0,4% lækkun í janúar á næsta ári, 0,3% hækkun í febrúar og 0,5% hækkun í mars. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,1% í mars á næsta ári.

	Vægi í VNV	Breyting	
		milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,2%	-0,5%	1,1%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,4%	2,3%
Föt og skór	4,4%	0,8%	2,1%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	-0,1%	3,6%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	-0,5%	2,3%
Húsgögn og heimilisb.	5,4%	0,9%	2,4%
Heilsa	4,0%	0,3%	1,7%
Ferðir og flutningar - annað	4,1%	0,1%	3,5%
Kaup ökutækja	5,6%	0,1%	-1,3%
Bensín og díselolía	3,4%	-0,2%	3,2%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	9,6%	-9,2%
Póstur og sími	1,8%	0,2%	-0,7%
Tómst. og menning	10,1%	-0,1%	2,8%
Menntun	0,4%	0,0%	2,4%
Hótel og veitingast.	5,7%	0,2%	2,4%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	0,5%	3,8%

Heimild: Hagstofa Íslands


Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




Verðbólgan mælist 2,0% í desember samanborið við 2,7% í nóvember.




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólga án húsnæðis mælist 1,7%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við gerum ráð fyrir 2,1% verðbólgu í mars á næsta ári.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Flugfargjöld hækkuðu minna en við áttaum von á, matarkarfan og reiknuð húsaleiga lækkuðu milli mánaða.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag innfluttra vara til er að dragast saman.



Heimild: Hagstofa Íslands


72% undirliða hafa hækkað síðustu tólf mánuði samanborið við 81% fyrir tveimur mánuðum síðan.



Heimild: Hagstofa Íslands




Flugfargjöld til útlanda hækkuðu um 9,6% milli mánaða og eru 9,2% lægri en í desember 2018.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild


Árshækkun reiknaðrar húsaleigu er 2,3%.



Visitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafið um einn mánuð.


Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Föt og skór voru nokkurn veginn óbreytt milli mánaða í desember.



Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er á milli 2,35% og 2,66% eftir því hvaða bréf eru skoðuð.



Heimild: Kodiak, Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélag hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.